

Sent 6/8'09

Alþingi
Erindi nr. P 137/762
komudagur 6.8.2009

Fjármálaráðuneytið
Indriði H. Þorláksson

Minnisblað um áætlaðar vaxtagreiðslur ríkissjóðs

Eftirfarandi töflur sýna áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs og áætlaðar breytingar á þeim m.t.t. Icesave-skuldbindinganna. Tekið skal fram að minnisblað þetta er unnið á stuttum tíma að beiðni formanns Fjárlaganefndar og fyrirvari á nákvæmni er í samræmi við það.

Í töflum 10 og 11, sem teknar eru úr *Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum* er gerð grein fyrir vaxtagjöldum og vaxtatekjum ríkissjóðs eins og þær hafa verið áætlaðar á grundvelli efnahagsáætlunar í samvinnu við AGS. Vaxtagjöldin í töflu 10 eru brúttóvextir, þ.á m. vextir af lánum til að styrkja gjaldeyrisforðann. Í töflu 11 eru vaxtatekjur meðal annar vextir af því fé sem tekið var að láni vegna gjaldeyrisforðans.

Tafla 10: Ríkisútgjöld 2004–2013, % af VLF (júní 2009)

	Frumgjöld	Vaxtagjöld	Heildargjöld
2004	30,0	2,0	32,0
2005	29,1	1,8	30,9
2006	28,3	1,7	30,0
2007	28,8	2,1	31,0
2008	30,2	2,7	32,9
2009	33,1	7,4	40,5
2010	30,0	10,3	40,3
2011	27,2	10,9	38,1
2012	25,5	10,3	35,8
2013	23,6	8,8	32,4

Tafla 11: Tekjur ríkissjóðs 2004–2013, % af VLF (júní 2009)

	Beinir skattar	Óbeinir skattar	Aðrar tekjur	Vaxta-tekjur	Samtals
2004	12,4	16,5	3,3	0,8	33,0
2005	13,8	17,5	3,3	0,7	35,3
2006	14,3	17,1	2,5	1,4	35,3
2007	14,1	16,4	2,6	1,8	34,9
2008	13,6	13,5	2,3	2,4	31,7
2009	11,5	12,7	2,5	2,8	29,5
2010	13,1	13,2	2,4	2,7	31,4
2011	13,7	14,3	2,6	2,9	33,5
2012	14,7	15,4	2,7	2,9	35,7
2013	15,5	16,3	2,6	2,8	37,2

Fjármálaráðuneytið

Indriði H. Þorláksson

Í eftirfarandi töflu eru sýnd vaxtagjöldin og vaxtatekjur og mismunur þeirra, þ.e. nettóvaxtagjöld ríkissjóðs vegna áraanna 2009 – 2013. Lán ríkissjóðs eru sum hver til skamms tíma og ljóst að þau verður að endurfjármagna og dreifa afborgunum þannig á lengri tíma. Ekki liggja fyrir hjá ráðuneytinu áætlanir um afborganir og endurfjármögnun lána ríkissjóðs eftir 2013. Vaxtakostnaður ríkissjóðs ræðst af því hvernig afborganaferillinn verður og þar með skuldastaðan. Til þess að gefa einhverja mynd af hugsanlegum afborganaferli og vöxtagreiðslumsem honum fylgja verður hér byggt á forsendum og markmiðum sem fram koma í *Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum*, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og liggur til grundvallar samstarfssamningi við AGS. Í henni er gert ráð fyrir að á árunum eftir 2013 verði afgangur af heildarjöfnuði ríkissjóðs um 3% af VLF, sem varið verði til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Í töflunni er miðað við að vaxtagreiðslur lækki samsvarandi, þ.e. um 3% á ári. Miðað er við að vaxtagreiðslur vegna Icesave hefjist 2016 og verði þá um 1% af VLF.

	Vaxtagjöld % af VLF	Vaxtatekjur % af VLF	Nettóvaxtagjöld % af VLF
2009	7,4	2,8	4,6
2010	10,3	2,7	7,6
2011	10,9	2,9	8
2012	10,3	2,9	7,4
2013	8,8	2,8	6
2014	8,5	2,7	5,8
2015	8,3	2,6	5,6
2016	8,5	2,6	6,0
2017	8,8	2,5	6,3
2018	8,5	2,4	6,1
2019	8,3	2,3	5,9
2020	8,0	2,3	5,7
2021	7,8	2,2	5,6
2022	7,5	2,1	5,4
2023	7,3	2,1	5,2
2024	6,6	2,0	4,6
2025	5,9	1,9	4,0

Fjármálaráðuneytið
Indriði H. Þorláksson

Til glöggvunar er lausleg áætlun um sundurliðun vaxtagreiðslna og vaxtatekna ríkissjóðs á árunum 2019-2013. Fjárhæðir eru í milljörðum króna og eru þær á greiðslugrunni. Vextir af Icesave eru ekki innifaldir enda koma þeir ekki til greiðslu fyrr en 2016 og síðar. Til samanburðar við þær stærðir sem fram koma í töflunni er áætlað að vextir af Icesave lánunum verði um 22 ma. kr. á árunum 2016/17 og lækki um ca 2,75 ma. kr. á ári eftir það.

ma. kr.	2009	2010	2011	2012	2013
Vaxtatekjur ríkissjóðs	39	39	44	47	47
-- af erlendum eignum	10	9	9	9	9
-- af innlendum eignum	16	9	4	3	3
-- af öðrum eignum og endurlánum	10	11	11	12	12
-- endurlán gjaldeyrislána	3	10	19	24	23
Vaxtagjöld ríkissjóðs (greiðslugr.)	69	106	131	134	124
-- <i>Innlent</i>	51	77	80	85	77
--- v/halla á ríkissjóði	30	39	42	48	46
--- fjármögnun SÍ	5	7	7	7	7
--- Fjármögnun viðskiptabanka	16	30	30	30	30
-- <i>Erlent</i>	18	29	51	49	46
--- v/halla á ríkissjóði	13	13	25	19	17
--- gjaldeyrislán (NL, P, F)	4	15	26	30	29